

Gildandi takmarkanir í félagsmiðstöðvum fyrir fullorðna og í félagsstarfi aldraðra

13. nóvember – 8. desember 2021.

Jónshús

- **Hámarksheimild í Jónshúsi er 50 gestir alls.**
- Hópastarf og viðburðir taka mið af gildandi takörkunum. Virða skal eins metra nálægðarmörk milli einstaklinga í sama rými svo og viðeigandi hámarksfjölda.
- Áfram skal gæta að einstaklingsbundnum sóttvörnum ss. handþvotti og handsprittun.
- **Grímuskylda er við komu í Jónshús og þar sem ekki er unnt að tryggja eins metra nálægðarreglu. Grímuskylda er einnig á sitjandi viðburðum.**
- Athugið að ekki má koma í félagsstarfið ef einstaklingar:
 - Eru í sóttkví.
 - Eru í einangrun (einnig meðan beðið er niðurstöðu sýnatöku).
 - Hafa verið í einangrun vegna Covid-19 smits og ekki eru liðnir 14 dagar frá því að einangrun lauk.
 - Eru með einkenni sem gætu bent til Covid -19 smits; Hósta, hálssærindi, mæði, niðurgang, uppköst, hita, höfuðverk, kviðverki, beinverki eða þreytu.
- Spil eru leyfð á borðum, en nota skal grímu ef ekki er hægt að virða eins metra nálægðarreglu.

Matur í Jónshúsi:

- Hægt er að panta hádegismat með dags fyrirvara í síma 512-1501. Maturinn kemur í bökkum sem hægt er að borða á staðnum eða taka með sér.

Heimsendur matur:

- Boðið er upp á heimsendan mat fyrir þá sem af heilsufarsástæðum geta hvorki annast matseld sjálfir né komist ferða sinna hjálparlaust til innkaupa. Pantanir á heimsendum mat eru í síma 512-1500 á milli kl. 08-16.00 alla virka daga.

Opið er í Smiðjunni – fylgja skal gildandi takmörkunum vegna Covid 19

Opið er í Litlakoti – fylgja skal gildandi takmörkunum vegna Covid 19